

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Brekkuhvarf 17. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. september 2016 breytt deiliskipulag Brekkuhvarfs 17. Í breytingunni felst að vesturmörk lóðarinnar breytist þannig að hún stækkar úr 1.180 m² í 1.427 m². Jafnframt er gert ráð fyrir bílageymslu í suðvesturhluta lóðarinnar.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ögurhvarf 4c og 4d. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. desember 2016 breytt deiliskipulag fyrir Ögurhvarf 4c og 4d. Í breytingunni felst tilfærsla á byggingarreitum og byggt er út úr byggingarreit.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Tónahvarf 9. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. desember 2016 breytt deiliskipulag fyrir Tónahvarf 9. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits um 3,5 m til norðurs og 12,9 m til suðurs alls um 470 m². Nýtingarhlutfall eykst úr 0,53 í 0,60. Fyrirhuguð bygging verður á einni hæð án kjallara og fyrirkomulag bílastæða á lóð breytist.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. desember 2016.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.